



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2020

HÖTE2FH05

Fatahönnun og saumur

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	Sk.st.	GB
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Nemendur vinna með grunnsnið og læra einfaldar sniðabreytingar. Nemendur laga snið að vexti, sauma einfaldar flíkur og máta. Kennend eru grunnformin á líkamanum og einnig flatar teikningar. Nemendur vinna nokkrar prufur í saumtækni. Vettvangsferðir og sýning á verkefnum nemenda.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á

- Grunnatriðum í uppbyggingu grunnsniða -
- sniðhlutum, þráðréttum og mikilvægi merkinga
- Grunnatriðum í saumtækni
- Notkun grunnsniða
- Saumur á einföldum flíkum
- Verklýsingum og flötum teikningum
- Útreikningum á efnismagni
- Vönduðum vinnubrögðum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- -vinna ýmsar sniðútfærslur út frá grunnsniðum
- - nota heiti sniðhluta og nota merkingar
- - útfæra og sauma flíkur eftir málum
- - að vinna eftir og semja verklýsingar
- - geta sett hugmyndir sínar á blað
- - leggja snið á efni þannig að þráðlína sé rétt og efnið nýtt vel
- - útbúa flóknari útfærslur á sniðum
- - áætla efniskaup

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna sjálfstætt við snið og sniðútfærslur
- Sauma einfaldar flíkur eftir grunnsniði og eigin útfærslum
- Vinna eftir verklýsingu
- Ákveða efnismagn
- Viðhafa vönduð vinnubrögð

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar í FSu. Ljósrit og efni af veraldarvefnum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	ca 7. - 10. jan.	Kynning og skipulag	Klippiverkefni
2	ca 14. - 17.jan.	Að hanna út frá eigin líkama	3x tillögur
3-4	21. - 28. jan	Sauma prufur lágmark 2 stk	
5-7	ca 28.1 - 11.2	Sniðteikning út frá eigin hönnun Sníða og sauma prufuflík	Tekið upp grunnsnið
8 - 10	ca 12.2. - 3.3.	Breyta sniði eftir eigin vexti nota smásnið	
11 - 17	ca 4.3. - 8.5.	Kynna sér muninn á flatriteikning og þrívíddarteikning	
1 - 18	6.1. - 8.5.	Sýningarvinna	Vinnuframlag skráð
3- 16	snemma eða seint	Vettvangsferð EF HÆGT	Myndræn lýs. á ferð

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlögn 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
4. Efnisgjald, kr. 7000.- skal greiddast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í vinnumöppu og einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Mæting og virkni. Vinnulýsingar og notkun þeirra. Útfærsla á sniðum metin. Hópverkefni. Mat á umfangi, frágangi og vinnubrögðum við saum á eigin flík	100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.